


Lækjargata 2A (fyrirspurn)

Varðar: Lögð fram fyrirspurn Guðmunar O. Víðissonar, mótt. 17. desember 2015, varðandi rekstur veitingastaðar á jarðhæð hússins á lóð nr. 2A við Lækjargötu.



Skipulagsleg staða

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er reiturinn á Miðborgarkjarna M1a:

Á svæðinu gilda rýmri miðborgarheimildir - lengst opið til 4.30 um helgar/frídaga en þar má heimila allar tegundir veitingastaða í flokki I-III. Þó aldrei lengur en til 4.30. Í rekstrarleyfi veitingastaða á þessu svæði má heimila útveitingar, þó aldrei lengur en til kl. 23.00.

Samkvæmt Miðborgarkafila aðalskipulagsins er húsnæðið á skilgreindum miðborgarkjarna 6 þar sem gert er ráð fyrir hámark 50% sömu starfsemi, smásöluverslun undanskilin á götuhliðum jarðhæða. Í dag er hlutfall veitinga- og skemmtistaða 53%, sem er yfir 50% viðmiðinu. Það er því ekki hægt að heimila fleiri veitingastaði á jarðhæð götuhliða á umræddu svæði.

Í gildi er deiliskipulag Kvosarinnar sem samþykkt var í borgarráði 01.10.1987 ásamt síðari breytingum. Í deiliskipulagsbreytingu sem nær yfir lóð nr. 2a við Lækjargötu, Pósthússtrætisreitur 1.140.5, sem samþykkt var í borgarráði þann 3. júlí 2008, segir: „Ætlast er til að starfsemi og starfsleyfi tryggji uppbyggjandi áhrif á borgarumhverfið og að jarðhæðir allra bygginga opnast að mannlífinu fyrir utan. Litið er á jarðhæðir bygginga sem „opinbert rými“ þ.e. að almenningur eigi þar greiðan aðgang og að ekki verði byrgt fyrir glugga að götu vegna þess að starfsemin er ekki í tengslum við daglegt líf götunnar.“

Niðurstaða:

Ekki er hægt að heimila rekstur veitingastaðar á jarðhæð húsnæðis nr. 2a við Lækjargötu þar sem að það er á svæði með skilgreindan starfsemiskvóta á götuhlið jarðhæðar þar sem að gert er ráð fyrir hámark 50% sömu starfsemi og veitinga- og skemmtistaðir eru nú þegar yfir því viðmiði.

Bent er á að vinna er hafin við almenna endurskoðun á starfsemiskvótum í miðborginni.

F.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Halldóra Hrólfsdóttir, verkefnastjóri